

Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2012**



Samband íslenskra sveitarfélaga

**ÁRSSKÝRSLA**

**2012**

Ársskýrsla 2012

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2013/5

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Magnús Karel Hannesson,  
Valur Rafn Halldórsson og  
Ingibjörg Hinriksdóttir.

Forsíðumynd: Áfram veginn – myndin er tekin í þjóðgarðinum  
á Þingvöllum

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

## Ávarp formanns



Það er lagður metnaður í að koma sem mestum og bestum upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til sveitarstjórnarfólks. Ársskýrslur eru eitt af mörgum dæmum um mikilvæga upplýsingagjöf því nauðsynlegt er að hafa aðgengilegt efni til uppflettingar um liðna tíð.

„Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,  
án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt“,

kvað Einar Benediktsson. Við byggjum að sjálfsögðu ákvarðanatöku okkar og stefnumótun til framtíðar á aðgerðum gærdagsins í sveitarstjórnarmálum sem og annars staðar.

Þá er það skylda okkar sem erum valin til að stýra hinum sameiginlega vettvangi sveitarfélaganna að veita sem bestar upplýsingar um starfsemi liðins árs. Landsþingin eru æðsti vettvangur sambandsins, því þar eiga sæti kjörnir fulltrúar allra sveitarfélaga landsins. Með samanburði ársskýrslu við stefnumótun landsþinga geta sveitarstjórnarmenn fylgst með framkvæmd þeirra mála sem eru samþykkt stefnumál liðinna landsþinga.

Ársskýrslan færir okkur upplýsingar um fjölbreytt og viðamikil starf Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég færi starfsfólki sambandsins og öllu samstarfsfólki á sveitarstjórnarstiginu bestu þakkir fyrir samstarf liðins árs.

*Halldór Halldórsson*  
*formaður*



## Ávarp framkvæmdastjóra



Í þessari ársskýrslu sambandsins eru dregnar saman helstu upplýsingar úr starfseminni á árinu 2012. Eins og undanfarin ár liggur meginþungi starfsins í sex þáttum. Fræðslumálin, félagsþjónustan, hagsmunagæslan, m.a. vegna setningar laga- og reglugerða um starfsemi sveitarfélaga, umhverfismálin, kjaramálin, erlend samskipti og upplýsingamiðlunin, bæði á sviði fjármála og annarra viðfangsefna sveitarfélaga, mynda þessa grunnþætti. Skipurit sambandsins endurspeglar þessar áherslur og verkaskiptingu. Samvinna starfsmanna þvert á svið er þó einkennandi fyrir starfsmannahópinn enda eru það stóru markmiðin í stefnumörkun sambandsins og skilgreindu hlutverki þess sem eru leiðarljósið. Þessi samheldni starfsmanna og markmiðsstýrðu vinnubrögð eru einnig ráðandi í ánægjulegum samskiptum þeirra við stjórn sambandsins og sveitarstjórnarmenn.

Það er ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmennirnir sýni framsækni og tileinki sér lausnarmiðaða hugsun í samskiptum við alla þá sem þeir þjóna og vinna með. Slíkt á að koma fram í vinnslu og lausnum þeirra fjölda viðfangsefna sem tekin eru til þróunar og umsýslu á ári hverju. Í ársskýrslunni er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum en hún endurspeglar þó ekki nema brot af heildarverkinu. Mikilvægast er sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins auk þess sem ríkisvaldið og aðrir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því að hlutlægni og fagmennska ráði ferðinni. Slíku er ekki hægt að lýsa í ársskýrslu. Það er annarra að meta.

Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2012 og vona að ársskýrsla þessi birti upplýsingar og áhugavert efni um starfsemina sem lesendur hennar kunna að meta.

*Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri*

## Helstu verkefni ársins 2012

### XXVI. LANDSPING SAMBANDSINS

26. landsþing sambandsins var haldið 23. mars 2012 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Seturétt á þinginu með atkvæðisrétti áttu 152 fulltrúar frá 75 sveitarfélögum. Til þingsins mættu 122 fulltrúar með atkvæðisrétti frá 64 sveitarfélögum. Þá voru mættir 4 stjórnarmenn sem ekki voru kjörnir fulltrúar síns sveitarfélags, 39 bæjar- og sveitarstjórar og 8 formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga. Alls sátu þingið því 173 fulltrúar auk gesta og starfsmanna sambandsins.

Yfirskrift þingsins var EFST Á BAUGI og voru umfjöllunarefni tengd íbúalýðæði, eflingu sveitarstjórnarstigsins og notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). Að venju setti formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, þingið með ræðu þar sem hann fjallaði um þau mál sem efst voru á baugi á vettvangi sambandsins á þeim tíma. M.a. fjallaði formaður sambandsins um eflingu sveitarstjórnarstigsins og álitaeftni sem því fylgja:

*„Við þurfum að ræða þessi mál áfram og finna leiðir til að ná markmiði okkar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Gerum við það með auknu samstarfi sveitarfélaga um samnýtingu rafrænna lausna? Eigum við að halda áfram þeirri þróun að mynda þjónustusvæði? Ekki hafa byggðasamlögin verið vinsæl og okkur þótt þau vera fjarlæg frá kosnum fulltrúum. Eða eigum við að leggja megináherslu áfram á sameiningu sveitarfélaga með frjálsum hætti eins og verið hefur megináherslan í áratugi? ... Við yfirfærslu á*

*þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga var miðað við að þjónustusvæði þyrftu að jafnaði að hafa a.m.k. 8.000 íbúa. Einungis 7 af 75 sveitarfélögum uppfylla það skilyrði. Það þýddi að flest sveitarfélög þyrftu að taka upp samstarf um framkvæmd þjónustunnar á ákveðnum landssvæðum. Stjórnun slíkra samstarfssvæða er því samvinnuverkefni margra sveitarfélaga. [...] Við verðum að ræða þann lýðræðishalla sem mun eiga sér stað ef aukin verkefni og ábyrgð flytjast til byggðasamlaga eða landshlutasamtaka sem ekki bera beina ábyrgð gagnvart íbúunum þar sem þeir koma ekki að beinni kosningu í stjórnir slíkra samstarfsverkefna. [...] Kannski verða menn sammála um að setja á stofn þriðja stjórnsýslustigið með formlegum hætti og að kosið verði til þess í sveitarstjórnarkosningum eins og forðum var gert til sýslunefndanna. Það kæmi í veg fyrir lýðræðishalla því þá hefðu íbúarnir ákvörðunarvaldið um fulltrúana.“*

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson  
ávarpaði landsþingsfulltrúa og ræddi um eflingu sveitarstjórnarstigsins og aukið persónukjör við sveitarstjórnarkosningar.

Þingfulltrúar störfuðu síðan í hópum þar sem umfjöllunarefni þingsins voru rædd í þremur þinghlutum. Í hverjum hópi var umræðustjóri sem hafði fengið leiðbeiningar og umræðuspurningar sem notaðar voru til þess að leiða umræðuna og afmarka álitaeftnin. Markmiðið var að stjórn sambandsins fengi vísbendingar

Börn í leikskóla.



um afstöðu landsþingsfulltrúa til umfjöllunarefnanna til að styðjast við í áframhaldandi vinnu við úrlausn þeirra. Umræðustjórnir tóku síðan saman helstu þætti umræðunnar sem starfsmenn sambandsins unnu svo frekar úr og tóku saman í greinargerð sem lögð var fram í stjórn sambandsins.

## STJÓRN SAMBANDSINS

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt 10 fundi á árinu 2012, auk eins fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í september.

Stjórnin hélt einn stjórnarfund í Grímsey í byrjun september, en það hefur verið markmið stjórnarinnar að halda a.m.k. einn stjórnarfund á ári utan Reykjavíkur. Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar var ákveðið að halda landsbyggðarfundinn að þessu sinni innan marka sveitarfélagsins og varð Grímsey fyrir valinu. Flogið var frá Akureyrarflugvelli til Grímseyjar. Eftir skoðunarferð um eyna, undir leiðsögn heimamanna, og söng í Miðgarðakirkju fundaði stjórnin í félagsheimilinu Múla. Að fundi loknum var flogið til Húsavíkurflugvallar í Aðaldal og ekið til Húsavíkur þar sem stjórn og starfsmenn sambandsins hittu sveitarstjórnarmenn í Norðurþingi.

Á fundum stjórnarinnar voru rúmlega 300 dagskrárlíðir til umfjöllunar og kynningar. Þannig voru að jafnaði um 30 mál á dagskrá hvers fundar. Sum mál komu oft en einu sinni til umræðu og umfjöllunar á stjórnarfundum.

Helstu umfjöllunarefnin voru málefni atvinnulausra og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til þeirra atvinnuleitenda

sem missa bótarétt eftir fjögurra ára samfelld atvinnuleysi; þjónusta við fatlað fólk og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA); flutningur öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga; kjaramál og samningaviðræður við Félag grunnskólakennara; landsskipulagsstefna; ýmsir þættir skólamála; húsnæðismál og húsnæðisbætur; Evrópusamvinna sveitarfélaga og aðildarviðræður Íslands við ESB; fundargerðir nefnda sambandsins; umsagnir sambandsins um frumvörp, þingsályktunartillögur og ýmis stjórnvaldsfyrirmæli; og tilnefningar í nefndir og vinnuhópa.

Í október var haldinn 800. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá stofnun sambandsins árið 1945. Í apríl fór stjórn sambandsins til Brussel til að kynna sér starfsemi Brussel-skrifstofu sambandsins. Stjórnin heimsótti einnig ýmsar stofnanir Evrópusambandsins í leiðinni.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri sambandsins sóttu ýmist saman eða hvor í sínu lagi alla aðalfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga og fluttu þar erindi um sambandið og verkefni þess.

## SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Samkvæmt lögum er Samband íslenskra sveitarfélaga sameiginlegur málsvari sveitarfélaga í landinu. Sambandið fer með sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna eftir því sem lög ákveða og mæla fyrir um. Sambandið telst þó ekki vera stjórnvald. Á grundvelli þessa mikilvæga hlutverks er stöðugt unnið að því af hálfu sambandsins að bæta og auka samskiptin við ríkið og Alþingi með það að markmiði að gæta eins vel og kostur er hagsmuna sveitarfélaga og sveitarstjórnarstígsins. Samskiptin hafa almennt verið góð og er það samdóma álit þeirra sem

*Stjórn sambandsins fundaði í Grímsey á árinu.*





til þekkja að þau hafi batnað undanfarin ár, en alltaf má gera betur í þeim efnum. Svo til daglega eiga starfsmenn sambandsins samskipti við starfsmenn ráðuneyta um þróun og framgang hinna ýmsu mála.

Á vettvangi Jónsmessunefndar, sem er samstarfsnefnd með fulltrúum sambandsins, innanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, er fjallað um mál sem ágreiningur er um og ekki hafa fengið lausn á öðrum samskiptasviðum aðila. Á árinu 2012 tók sambandið yfir verkstjórn og fundarritun fyrir nefndina til að efla markvisst starf hennar. Haldnir voru fimm formlegir fundir. Þau mál sem fengu mesta umfjöllun voru hvernig skuli staðið að kostnaðarmati lagafrumvarpa gagnvart sveitarfélögum, fjármögnun tónlistarfræðslu á framhaldsstigi, fjármagnstilfærsla vegna þjónustu við fatlað fólk, samráð ríkisins og sveitarfélaga vegna stjórnunar opinberra fjármála, áhrif fjárlaga á sveitarfélögin, aukaframlag jöfnunarsjóðs, kostnaðarþátttaka ríkisins vegna refa- og minkaveiða og endurgreiðsla ríkisins á virðisaukaskatti vegna slökkvibúnaðar til sveitarfélaga. Sum málín fengu farasæla lausn en önnur eru enn óleyst.

Formaður, framkvæmdastjóri og fleiri fulltrúar sambandsins áttu marga fundi með innanríkisráðherra, velferðarráðherra og fleiri ráðherrum vegna mála er varða hagnun sveitarfélaga og þörfuðust samráðs og sameiginlegrar vinnslu. Einnig sóttu fulltrúar sambandsins reglulega fundi nefnda Alþingis vegna umfjöllunar um frumvörp sem áhrif hafa á starfsemi sveitarfélaga.

Í desember var haldinn samráðfundur sambandsins og ríkisins á grundvelli ákvæða sveitarstjórnarlaga um formlegt samráð þessara aðila. Þar var fjallað um sveitarstjórnarstigið m.t.t. nýrra sveitarstjórnarlaga,

fjármálareglur sveitarfélaga, þróun og horfur í efnahagsmálum, fjármál sveitarfélaga og verkefni þeirra. Á þessum fundum er einnig fjallað um árlegar greinargerðir samráðsnefndar um efnahagsmál og sameiginlegrar kjaramálanefndar aðila. Velferðarráðherra sat hluta fundarins og var þá m.a. fjallað um þjónustu við fatlað og aldrað fólk, vaxandi kostnað sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar og sameiginlegt atvinnuáttaksverkefni aðila í ljósi þess fjölda fólks sem tæmir rétt sinn til atvinnuleysisbóta vegna langtímaatvinnuleysis. Jafnframt var fjallað um húsnæðismál og fyrirhugaða upptöku húsnæðisbóta í stað vaxtabóta og húsléigubóta árið 2014.

### ÍSLAND 20/20 OG SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Framkvæmdastjóri sambandsins var skipaður í svokallað stýrinet stjórnarráðsins vegna mótunar og vinnu við gerð sóknaráætlana fyrir landshluta á grundvelli stefnumörkunaráætlunarinnar Ísland 20/20. Í stýrinetinu eiga sæti, auk framkvæmdastjóra sambandsins, fulltrúar allra ráðuneyta og verkefnisstjóra stýrinetsins. Verkefnið er nokkuð umfangsmikið og hefur framkvæmdastjóri varið miklum tíma í það. Um er að ræða ákveðið þróunarferli með það að markmiði að færa vald sem áður var miðlægt á vegum ráðuneyta og þingmanna til heimamanna í héraði. Landhlutasamtök sveitarfélaga eru sá vettvangur sem við ábyrgðinni taka og mynda þau samráðsvettvang, hvert á sínu svæði, með þátttöku margra hagsmunaaðila. Í þessu samstarfi eru áherslur hvers landshluta mótaðar og verkefnum er forgangsraðað innan þess ramma sem fjárveitingar marka. Þetta nýja fyrirkomulag hefur skilað þeim árangri að á árinu 2012

Frá samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í þjóðmenningarhúsinu í desember.



voru framlög ríkissjóðs til sóknaráætlunar landshluta 218 m.kr. og samþykktar hafa verið fjárveitingar að upphæð 488 m.kr. árið 2013, 77 m.kr. árið 2014 og 78 m.kr. 2015. Gert er ráð fyrir að á árunum 2014 og 2015 bætist samtals 800 m.kr. við þessi framlög. Á árunum 2012 til 2015 mun þetta nýja verklag á grundvelli Íslands 20/20 því skila um 1,7 ma.kr. til verkefna í landshlutunum sem heimamenn velja og forgangsraða.

## LÖG OG REGLUGERÐIR

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012. Lögð var megináhersla á að ljúka gerð reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og var hún sett í byrjun júní. Reglugerð um tryggingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í tekjum sveitarfélaga var sett í lok september. Í byrjun nóvember var birt fyrirmynd innanríkisráðuneytisins að samþykktum um stjórn sveitarfélaga, nr. 976/2012, og á sama tíma var birt auglýsing nr. 977/2012 um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna. Vegna mistaka af hálfu ráðuneytisins varð að endurbirta leiðbeiningarnar í janúar 2013 með auglýsingu nr. 22/2013.

Á árinu var unnið að fleiri verkefnum sem tengjast innleiðingu sveitarstjórnarlaga, svo sem reglum um söfnun undirskrifa vegna atkvæðagreiðslna í sveitarfélögum, en bið hefur orðið á að ljúka gerð þeirra. Hugað hefur verið að ýmsum álitamálum sem varða framkvæmd þeirra ákvæða sveitarstjórnarlaga er snúa að siðareglum, m.a. varðandi skipun siðanefndar á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu. Þá hafa starfsmenn sambandsins reynt að sinna eftir megni óskum sem borist hafa frá sveitarfélögum um kynningu nýrra sveitarstjórnarlaga,

þar sem áhersla hefur m.a. verið lögð á að fjalla um áhrif laganna á stjórnarsýslu sveitarfélaga.

Af hálfu sambandsins hefur lengi verið kallað eftir því að ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna og kosningar til Alþingis verði samræmd, m.a. varðandi gildi útstrikana á kjörseðli. Ekki var unnið að því verkefni á árinu en hins vegar hafa starfsmenn sambandsins komið að útfærslu frumvarps til laga um persónukjör í sveitarstjórnarkosningum og frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum, þar sem opnað er á að atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum geti verið rafrænar.

Unnið var að endurskoðun laga um opinber innkaup og greiningu á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á innkaupalöggjöf ESB og komu margir aðilar að því, einkum fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ríkiskaup og fulltrúar stórra opinberra framkvæmdaaðila m.a. Vegagerðarinnar. Þá er Reykjavíkurborg leiðandi aðili við þróun á opinberum innkaupum og var gott samstarf við skrifstofu borgarlögmans og innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar um áherslur í löggjafarstarfi. Frumvarp var lagt fram að nýju að hausti 2012 um aukna skilvirkni í meðferð kærumála vegna gerðar opinberra samninga.

Stéttarfélög og samtök atvinnurekenda hafa sýnt útboðsmálum sveitarfélaga aukinn áhuga og hefur verið brugðist við því með öflun og miðlun upplýsinga. Meðal annars var framkvæmd spurninga- og viðhorfakönnun á haustmánuðum þar sem leitast var við að varpa ljósi á það hvernig sveitarfélögin framkvæma innkaupareglur sínar. Könnunin var unnin í samvinnu við hag- og upplýsingasvið.

Sambandið tók þátt í samráði um reglugerð um framkvæmdaleyfi sem gefin var út í júní og skipulagsreglugerð sem gefin var út í desember og veitti

*Afrakstur söfnunar Félags leikskólakennara var afhentur Sjónarhóli.*



sambandið umsagnir um báðar reglugerðirnar, bæði hvað varðar efni þeirra og um áætlun kostnaðaráhrif.

Ný byggingarreglugerð tók gildi í febrúar en sambandið gagnrýndi mjög að ákvæði hennar hefðu ekki verið kostnaðarmetin. Brugðist var við því með skipan nefndar af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Niðurstaða samráðs um málið er að gerðar verði ákveðnar breytingar á reglugerðinni til að draga úr áhrifum hennar á byggingarkostnað. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðlögunarfrestur verði til loka júní 2013.

Á árinu var sett reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Einnig var sett endurskoðuð reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sett voru ný lög um réttindagæslu fatlaðs fólks og tóku fulltrúar sambandsins þátt í undirbúningi þeirra.

Reglugerð um skólagöngu fósturbarna var sett í júní.

Sambandið átti aðkomu að breytingu sem gerð var á reglugerð um öryggi og hollustuhætti á sundstöðum. Breytingar miða m.a. að því að auka öryggi barna á sundstöðum en nokkurt tillit var tekið til þess að í minni sundlaugum, þar sem fáir laugargestir eru að jafnaði, er ekki fjárhagslega forsvaranlegt að gera sömu kröfur um mönnun við laugargæslu og gerðar eru í stærri sundlaugum.

Frumvarp til upplýsingalaga hefur verið til umfjöllunar á Alþingi og hefur sambandið lagt fram umsagnir og gert athugasemdir við þau atriði sem talin eru íþyngjandi fyrir stjórnslu sveitarfélaganna. Tillögur af sama toga er einnig að finna í frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem lagt var fram á Alþingi í nóvember. Dæmum hefur annars farið fjölgandi á undanförunum misserum þar sem

lögð eru fram frumvörp sem þyngja til muna stjórnslu í einstökum málaflokkum. Ástæða er til að sambandið kalli eftir því að slíkar tillögur fari á undirbúningsstigi í gegnum stjórnslumat sem leiði fram hvort raunveruleg nauðsyn er á breytingum og hvernig ná megi eðlilegum markmiðum um skilvirka og gegnsæja stjórnslu innan þess ramma sem löggin ákveða.

Starfsmenn sambandsins hafa fylgst með framvindu endurskoðunar stjórnarskárinnar og gætt hagsmuna sveitarfélaga við það verk. Nýtt frumvarp til stjórnarskipunarlaga var lagt fram á Alþingi í nóvember og var umsögn sambandsins lögð fram í desember. Kemur þar fram sú afstaða af hálfu sambandsins að kafli frumvarpsins sem fjallar um sveitarfélög sé til þess fallinn að styrkja stjórnskipulega stöðu sveitarfélaga. Að auki sendi sambandið nefndum Alþingis fimm minnisblöð um einstaka þætti frumvarpsins á fyrstu vikum ársins 2013. Fulltrúar sambandsins áttu jafnframt fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis í byrjun desember. Málsmeðferð Alþingis hefur verið um margt óvenjuleg í þessu stóra máli og má m.a nefna að í álitum meirihluta þeirra nefnda sem fjallað hafa um álitafni í frumvarpinu sem snúa að sveitarfélögum er hvergi vikið að ábendingum sambandsins, munnlegum eða skriflegum.

### FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA

Fyrir liggur samantekt um útkomuspá um afkomu sveitarfélaga fyrir árið 2012 og niðurstöður fjárhagsáætlana fyrir árið 2013. Niðurstöður útkomuspár byggja á upplýsingum frá sveitarfélögum með um 88% íbúanna og fjárhagsáætlanir fyrir árið 2013 eru tiltækar frá sveitarfélögum með um 96% íbúanna. Samantektin

*Frá landsþingi sambandsins sem haldinn var á Icelandair Hótel Reykjavík Natura í mars.*



er síðan færð upp þannig að útkoman gildi fyrir heildina. Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga kemur fram að færri sveitarfélög en áður leggja fram sérstaka útkomuspá. Þess í stað virðast æ fleiri sveitarfélög vinna út frá því að fjárhagsáætlun fyrir árið sé ákvörðun um fjárheimildir og ytri ramma hennar um tekjur, gjöld og aðrar meginstærðir verði ekki breytt. Það er jákvæð þróun sem leiðir af sér markvissari fjármálastjórnun og aukinn stöðugleika í fjármálum sveitarfélaganna. Bráðabirgðaniðurstöður fyrir árið 2012 sýna að rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði hefur batnað frá fyrra ári. Hún er jákvæð um 3,1 ma.kr. á móti því að hún var neikvæð um 3,1 ma.kr. á árinu 2011. Þar munar miklu að fjármagnskostnaður hefur lækkað um rúma 3,0 ma.kr. Gengisþróun krónunnar og almenn verðþróun hefur veruleg áhrif á þennan lið. Veltufé frá rekstri er nálægt 20 ma.kr. og hefur það hækkað um 7,0 ma.kr. frá fyrra ári. Þar kemur meðal annars til árangur af almennri hagræðingu hjá sveitarfélögunum. Veltufé frá rekstri er hærra en afborganir langtímalána sem er verulegur árangur. Á hinn bóginn eru fjárfestingar lágar sem fyrr. Það er ákveðið áhyggjuefni ef svo heldur áfram því þörfin fyrir stærra viðhald, endurnýjun bygginga og ákveðnar nýframkvæmdir hverfur ekki.

Skuldastaða sveitarfélaga er mjög misjöfn. Sum þeirra eru skuldsett en önnur skulda lítið á hvern íbúa. Staða þeirra síðarnefndu getur engu að síður verið erfið ef þau ná ekki nægjanlega góðri afkomu í rekstri. Veltufjárhlutfallið er heldur lægra en 2011 eða um 1,0.

Niðurstöður fjárhagsáætlana fyrir árið 2013 leiða í ljós að almennt er gert ráð fyrir heldur batnandi afkomu sveitarfélaganna. Rekstur þeirra muni styrkjast og áfram er stefnt að því greiða niður skuldir. Fjárfestingar munu ekki aukast svo neinu nemi. Þessi þróun, ef hún gengur eftir, mun styrkja stöðu sveitarfélaganna til framtíðar á

þann hátt að fjármál þeirra verða sjálfbærari, reksturinn betur skipulagður, minna fjármagn fer í greiðslu afborgana og vaxta og þannig verður hægt að bæta þjónustuna án aukinna tekna.

Samráðsnefnd um efnahagsmál starfar á grundvelli samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga frá 2. apríl 2008. Nefndin gegnir því hlutverki að vera vettvangur fyrir samráð ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og fjármál hins opinbera. Að auki skal nefndin vera vettvangur fyrir samstarf um greiningu á efnahagslegum forsendum fyrir þróun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Í nefndinni eiga sæti þrjú fulltrúar sveitarfélaganna og þrjú fulltrúar stjórnarráðsins. Formennska í nefndinni flyst milli aðila á 12 mánaða fresti. Nefndin hefur fundað reglulega á árinu. Meðal viðfangsefna hennar má nefna undirbúning að frumvarpi um opinber fjármál, yfirferð fjármálareglna sveitarfélaga og undirbúning að gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga.

Upplýsingaveita sveitarfélaga tók til starfa á árinu 2012. Verkefnið er samstarfsverkefni Hagstofu Íslands, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Frágangi upplýsingalykils var lokið á árinu 2011 og rafræn yfirfærsla gagna hófst á árinu 2012. Nú fást á þriggja mánaða fresti betri upplýsingar um fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna en fengist hafa nokkru sinni áður, sem gerir alla vinnu við opinberar hagtölur miklu auðveldari. Alls skiluðu 38 sveitarfélög rekstrarreikningi vegna ársins 2011 sem er sundurliðaður niður á fjórða bókhaldslykil. Það gefur miklu meiri möguleika til greiningar á rekstri sveitarfélaganna en hefur verið fyrir hendi fram að þessu. Næstu verkefni við þróun upplýsingaveitunnar eru að bæta enn frekar bein skil upplýsinga sveitarfélaga í gagnagrunninn og gera þau gögn sem hefur verið skilað í grunninn aðgengileg

*Stjórnin í Brussel.*



á netinu til handa þeim sem áhuga hafa á þessum upplýsingum til skoðunar og úrvinnslu. Eins og alltaf þegar takmarkaðir fjármunir eru til staðar þá er þróunin ekki eins hröð og æskilegt væri en verkefnið hefur þokast áfram.

Útgáfustarfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármál sveitarfélaga og margháttaðar hagtolur þeim tengdar fer sífellt vaxandi. Hag- og upplýsingasvið annast vinnslu Árbókar sveitarfélaga, Skólaskýrslu og skýrslu um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig annast sviðið útgáfu á fréttabréfi hag- og upplýsingasviðs, ársskýrslu Hafnasambands Íslands, upplýsingablöðungi um fjármál sveitarfélaga og öðrum skýrslum eftir atvikum hverju sinni. Mikið magn upplýsinga um fjármál sveitarfélaga er síðan vistað á vef sambandsins, en mikill metnaður er lagður í að hafa þar aðgengilegar og umfangsmiklar upplýsingar á þessu sviði.

### ALÞJÓÐAMÁL

Fulltrúar sambandsins taka þátt í samningaferlinu vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Fulltrúarnir hafa lagt áherslu á að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins innan samningahóps utanríkisráðuneytisins um byggða- og sveitarstjórnarmál, sem sambandið á fimm fulltrúa í og í undirhópum hans, m.a. við mótun samningsafstöðu Íslands vegna evrópskra byggðamála, við gerð ramma fyrir IPA verkefni til að undirbúa Ísland fyrir þátttöku í evrópskum byggðamálum og að sveitarfélög eigi kost á fræðslu um byggðamál og evrópsk hagsmunamál sín fyrir tilstilli TAIEX og LAF. Haldin voru nokkur málþing hér á landi um evrópsk byggðamál með þátttöku erlendra sérfræðinga, allir landshlutar fengu boð um námsferð til ESB ríkja til að kynna sér

evrópsk byggðamál og boðið var upp á þrjár hópferðir fyrir sveitarstjórnarfólk til Brussel. Einnig hefur verið lögð áhersla á að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í þeirri vinnu sem nú fer fram við gerð framkvæmdaáætlana og mótunar stofnanaumgjardar vegna evrópsku uppbyggingarsjóðanna.

Stjórn sambandsins samþykkti í október tilnefningar til sameiginlegrar nefndar Íslands með Svæðanefnd ESB. Unnið var að undirbúningi fyrsta fundar sem verður haldinn í mars 2013.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA var settur á laggirnar árið 2010. Meginmarkmiðið er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Héraðanefnd ESB, en í henni sitja kjörnir fulltrúar frá ESB ríkjunum og fjalla um tillögur að evrópskri löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið.

Vettvangurinn fundaði á Ísafirði í júní 2012 og samþykkti ályktanir um stöðu EES-samningsins og um evrópskar reglur um mat á umhverfisáhrifum. Seinni fundur ársins var haldinn í Brussel í nóvember. Á þeim fundi voru samþykktar ályktanir um flutning vinnuafis innan EES-svæðisins; um evrópskar samstarfsáætlanir og um drög að nýjum Evrópureglum um meðferð persónuupplýsinga. Formaður sambandsins stýrði báðum fundunum. Í byrjun desember funduðu formenn íslenska og norska sveitarfélagasambandsins og EFTA-vettvangsins með formanni svissneska kantónusambandsins um aðild þess að vettvanginum. Ákvörðunar um mögulega þátttöku í sveitarstjórnarvettvanginum af hálfu Sviss er að vænta á árinu 2013.

Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga (Council of European Municipalities and Regions – CEMR) kom saman í Cádiz á Spáni í september 2012. Samband

Ferðamenn á rölti í Reykjavík.



Íslenskra sveitarfélaga er aðili að CEMR sem eru stærstu samtök sveitarstjórnarstigsins í Evrópu. Aðild eiga landssambönd bæja, sveitarfélaga og héraða frá 40 löndum Evrópu. Allsherjarþing CEMR kemur saman á þriggja ára fresti.

Óttarr Ólafur Proppé, borgarfulltrúi og fulltrúi í stjórn sambandsins, var með framsögu í vinnustofu þingsins sem fjallaði um leiðir til að komast út úr þrengingum vegna efnahagshrunsins. Var gerður svo góður rómur að framsögu hans að hann var beðinn um að taka þátt í lokahluta þingsins. Auk hans tóku sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og forstöðumaður Brussel-skrifstofu þátt í þinginu.

Evrópuráðið lætur sveitarstjórnarmál til sín taka. Sveitarstjórnarþing Evrópu er hluti af starfsemi Evrópuráðsins, „The Congress of Local and Regional Authorities“. Þingið er ráðgefandi gagnvart ráðherranefnd og þingi Evrópuráðsins. Á því eiga sæti kjörnir fulltrúar frá sveitarfélögum og héruðum í Evrópu. Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, er formaður sendinefndar Íslands á þinginu. Halldór, Guðríður Arnardóttir varaformaður og Elín R. Líndal fulltrúi í stjórn sambandsins tóku þátt í vor- og haustþingum sveitarstjórnarþingsins. Formaður sambandsins var valinn formaður nýrrar hreyfingar mið og hægri manna á þinginu og tekur sem slíkur sæti í framkvæmdaráði þingsins.

Starfsemi Brussel-skrifstofu sambandsins var með hefðbundnu sniði á árinu 2012. Forstöðumaður hennar skipulagði kynnisferð stjórnar sambandsins til Brussel í apríl og hafði umsjón með upplýsingariti Brussel-skrifstofu um Evrópumál fyrir sveitarfélög *Frá Brussel til Breiðdalshrepps* sem kom út tvisvar á árinu.

Forstöðumaður skipulagði fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA í júní og nóvember í samstarfi við sviðsstjóra þróunar og alþjóðasviðs sambandsins, starfsmenn EFTA og norska sveitarfélagasambandsins; tók þátt í fundum ráðgjafarnefndar EFTA og kynnti íslensk sveitarfélög sem samstarfsaðila í verkefnum styrktum af Þróunarsjóði EFTA á ráðstefnu sjóðsins í maí.

Forstöðumaður Brussel-skrifstofunnar undirbjó fund með forseta Svæðanefndar ESB í apríl, stofnfund ráðgjafarnefndar með Svæðanefnd ESB í mars 2013, ásamt sviðsstjóra, og aðstoðaði við skipulagningu og framkvæmd tveggja kynnisferða í júní og desember fyrir sveitarstjórnarmenn sem styrktar eru af LAF-áætlun ESB. Forstöðumaður tók þátt í vinnuhópum CEMR um umhverfis- og orkumál, byggðastefnu, persónuvernd, loftgæði, úrgangsmál, jafnréttismál og félagsmál. Þá sat forstöðumaður fundi samráðsnefndar aðila vinnumarkaðarins á sveitarstjórnarstigi á vettvangi ESB og námskeið um samráð aðila vinnumarkaðarins sem haldið var af CEEP í Istanbul.

Tekið var á móti sjö erlendum hópum á skrifstofu sambandsins í Reykjavík og þeir upplýstir um íslensk sveitarstjórnarmál. Hópar frá Færeyjum og Norður-Noregi komu í maí; frá Stavangri í Noregi í ágúst; frá Umeå í Svíþjóð í september og loks þrjár hópar frá Eistlandi í maí, september og nóvember 2012.

## LÝÐRÆÐIS- OG ÞRÓUNARMÁL

Eftir að innanríkisráðuneytið tók við málefnum upplýsingasamfélagsins frá forsætisráðuneytinu hefur sú jákvæða breyting átt sér stað að meiri áhersla er lögð á samstarf ríkis og sveitarfélaga um framþróun rafrænnar stjórnsýslu og samhæfingu og hagnýtingu á Ísland.is

*Séð til suðurs frá Digraneshálsi í Kópavogi.*



fyrir bæði stjórnsýslustigin. Í júní var skipaður stýrihópur um rafræna stjórnsýslu hjá ríki og sveitarfélögum. Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, var formaður hópsins og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs og Hjörtur Grétarsson, upplýsingatæknistjóri Reykjavíkurborgar, fulltrúar sambandsins í honum. Hjörtur og Anna eru einnig fulltrúar sambandsins í kjarnahópi innanríkisráðuneytisins um mótun nýrrar stefnu fyrir upplýsingasamfélagið 2013–2017 sem unnið verður á árinu 2013.

Stýrihópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu í október og lagði til að rekstur og þjónusta rafrænnar auðkenningar fyrir vefi ríkisstofnana og sveitarfélög verði miðlæg á vefsvæðinu Ísland.is og að Þjóðskrá Íslands verði falið að reka og þróa auðkenningarþjónustu Ísland.is. Það mál er í vinnslu og hefur Þjóðskrá Íslands fengið fjármagn til að vinna fyrstu stig auðkenningar. Hópurinn lagði einnig til að ráðist verði í tilraunaverkefni sem miðar að því að styðja við þróun rafræns lýðræðis í sveitarfélögum. Í þeim tilgangi hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp sem heimilar ráðherra, að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar, að víkja frá ákvæðum X. kafla sveitarstjórnarlaga þannig að íbúakosning fari eingöngu fram með rafrænum hætti og/eða kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn.

Í september skipulagði innanríkisráðuneytið í samvinnu við sambandið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála námskeið fyrir vefstjóra sveitarfélaga og ráðgjöf í framhaldi af námskeiðinu. Mikil ánægja var með námskeiðið og vakti það upp áhuga á að stofna til samstarfstengsla milli þátttakenda.

Sambandið tók þátt í undirbúningi UT-dagsins með innanríkisráðuneytinu og Skýrslutæknifélaginu sem

var haldinn í nóvember 2012. Þar var fjallað um rafræna stjórnsýslu og rafrænt lýðræði, hagnýtingu upplýsingatækni til hagræðingar og notkun samfélagsmiðla. Fyrir hádegi voru vinnustofur en eftir hádegi var fyrsti samráðsfundur um nýja stefnu um upplýsingasamfélagið sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs var með framsögu fyrir hádegi um samstarf ríkis og sveitarfélaga um UT-mál.

Sambandið gaf, ásamt Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála út handbókina *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum*. Hún var kynnt á landsþingi sambandsins vorið 2012 þar sem lýðræðismál voru á dagskrá. Hún var einnig send sveitarfélögum og gerð aðgengileg á vef sambandsins.

Sett var upp vefsíða um siðamál: <http://www.samband.is/verkefni/stjornsysla-sveitarfelaga/sidamal/>. Þó nokkur sveitarfélög hafa sett sér siðareglur á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga. Lögfræðisviðið veitti ráðgjöf varðandi setningu slíkrar reglna en ekki náðist að skipa siðanefnd sambandsins á árinu skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sambandið tók þátt í málþingi innflytjendaráðs um menntamál innflytjenda sem haldið var 14. september og fékk nafnið Hringþing þar sem mikil áhersla var lögð á að virkja þátttakendur til umræðna og tillögugerðar. Guðrún A. Sigurðardóttir, starfsmats sérfræðingur á kjarasviði, var fulltrúi sambandsins í undirbúningshópi um málþingið en hann hefur einnig unnið úr þeim fjölmörgu tillögum sem urðu til á þinginu. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs er fulltrúi sambandsins í innflytjendaráði sem mun taka við tillögnum til frekari úrvinnslu. Á árinu náðist sá áfangi að innflytjendaráð fékk lagastoð með lögum um málefni innflytjenda sem Alþingi samþykkti í nóvember. Einnig

*Æ fleiri nýta sér vistvænar samgöngur til að komast á milli staða og hefur uppbygging stígakerfis á höfuðborgarsvæðinu aukið vinsældir hjólræða til muna.*



fékk Fjölmenningssetur lagastoð en hlutverk þess er m.a. að veita sveitarfélögum stuðning varðandi móttöku og önnur málefni innflytjenda í sveitarfélögum.

Stjórn sambandsins samþykkti í júní að taka þátt í samstarfsverkefni með ríkinu um nýsköpun í opinberum rekstri, sem felur m.a. í sér að veita nýsköpunarverðlaun. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs tók þátt í vali á verðlaunaverkefnum, ásamt formanni SSSFS. Sambandið tók þátt í ráðstefnu í október þar sem nýsköpunarviðurkenningar voru veittar. Meðal verðlaunahafa voru Reykjavíkurborg fyrir verkefnið *Betri Reykjavík* og Akureyrarkaupstaður fyrir *Hæsnahöllina* sem er nýbreytni í öldrunarþjónustu bæjarins.

Sambandið hafði milligöngu um þátttöku Hafnarfjarðarkaupstaðar og Kópavogsbæjar í norrænu samanburðarverkefni sem felur í sér að bera saman stjórnábyrgð og rekstur tiltekinna norrænna sveitarfélaga. Sérfræðingar frá sænska og finnska sveitarfélagasambandinu komu hingað til lands vegna málsins í lok nóvember. Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á norrænu málþingi í apríl 2013.

## FÉLAGSPJÓNUSTA OG VELFERÐARMÁL

Félagsþjónustunefnd sambandsins fundaði fimm sinnum á árinu 2012 og tók virkan þátt í framfylgd tilfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna og annarra helstu verkefna.

Málefni atvinnulausra, aukin útgjöld sveitarfélaga vegna fjölgunar þeirra sem þurfa fjárhagsaðstoð, og aukið álag á félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið í forgrunni í starfsemi sambandsins undanfarin misseri. Af hálfu ríkisins var tekin ákvörðun um að leggja

ekki til framlengingu bráðbirgðaákvæðis um rétt til atvinnuleysisbóta í fjögur ár og féll sú lenging því úr gildi í lok árs 2012. Því er fyrirsjáanlegt að á tímabilinu 1. september 2012 til 31. desember 2013 hafi 3.700 manns fullnýtt bótarétt sinn. Til viðbótar sýnir könnun, sem gerð var á vegum sambandsins og kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í september 2012, að um 1.500 manns fái nú þegar fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum vegna þess að þeir eru án atvinnu og eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

Sambandið hefur tekið þátt í sameiginlegum viðræðum fulltrúa velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, SA, ASÍ o.fl. til að finna leiðir til að bregðast við þessari þróun svo tryggja megi annars vegar að allur þessi fjöldi fólks fái tilboð um virkniúrræði, s.s. í formi starfatilboða eða úrræða á vegum VIRK, og hins vegar að útgjöld sveitarfélaga til framfærslu stóruækist ekki á næsta ári eins og fyrirsjáanlegt er ef ekkert verður að gert. Í lok nóvember 2012 var undirritað samkomulag um atvinnuátakið *Liðsstyrkur*. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að sveitarfélög skapi að lágmarki 660 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (30%) á tímabilinu, ríki 220 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (10%) og almenni vinnumarkaðurinn 1.320 starfstengd vinnumarkaðsúrræði (60%).

Sambandið hefur m.a. lagt áherslu á að þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum þurfi að eiga möguleika á þátttöku í starfsendurhæfingar- og vinnumarkaðsúrræðum sem Vinnumálastofnun býður. Samhliða ráðningum sveitarfélaga á atvinnuleitendum innan *Liðsstyrks* hefur verið samið um að þeim einstaklingum sem njóta framfærslu sveitarfélaga, en eru vinnufærir og í virkri atvinnuleit og teljast því til hóps atvinnuleitenda, verði boðin ráðgjöf og

Mótmælt var í Reykjavík í júní.





greiningarviðtöl hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar eða Starfi. Miðað er við að Vinnumálastofnun hefji þessa þjónustu sem fyrst á árinu 2013 en þó eigi síðar en í september. Jafnframt var samið um nýtt samstarf um þjónustu við ungt fólk á aldrinum 16–25 ára, sem nýtur fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, og verður hún eflid og opnað fyrir aðkomu fleiri sveitarfélaga að Atvinnutorgunum á árinu 2013. Einnig hefur verið komið á markvissu og styrku samstarfi Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga og VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs, um ráðgjöf og þjónustu við þá sem þurfa á atvinnutengdri starfsendurhæfingu að halda og teljast tryggðir samkvæmt 8. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, sbr. einnig 9. gr. laganna, enda uppfylli þeir skilyrði laganna að öðru leyti til að eiga rétt til þjónustu starfsendurhæfingarsjóða.

Sambandið hefur í samvinnu við Samtök félagsmálastjóra kallað eftir breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með það að markmiði að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Unnið hefur verið að framgangi þessara lagabreytinga í tengslum við átakið *Liðsstyrkur*. Boðað hefur verið að væntanlegt lagafrumvarp muni styrkja lagagrundvöllinn undir heimildir sveitarfélaga til þess að meta vinnufærni og horfa til þátttöku í virkniúrræðum, þ.m.t. námskeiðum, þegar ákvarðanir eru teknar um veitingu fjárhagsaðstoðar. Lögð er rík áhersla á að unnið skuli að slíku mati í samráði við umsækjanda. Af hálfu sambandsins er gengið út frá því að skilyrði, sem tiltekin verða í reglum sveitarfélags, geti annað hvort varðað viðbót við grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar eða skerðingu á henni.

Sambandið gaf á árinu út bækling um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, en sveitarfélögum er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Markmiðið með gerð bæklingins er að starfsfólk sveitarfélaga geti notað hann til þess að auðvelda notendum þjónustunnar að fá, á aðgengilegan hátt, upplýsingar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið þátt í starfshópum um tilfærslu þjónustu við aldrað fólk til sveitarfélaga. Um er að ræða tvær fastar nefndir sem bera höfuðábyrgð á flutningi öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Hlutverk þeirra er að skilgreina forsendur tilfærslunnar og skilgreina þá verkþætti sem eiga að flytjast á milli stjórnsýslustiga. Mikilvægt er að afmarka þessa ólíku þætti með eins skýrum hætti og hægt er, þannig að unnt sé að meta kostnað vegna hvers þáttar fyrir sig. Í tengslum við tilfærslu málefna aldraðra til sveitarfélaga eru starfandi sex sérfræðiteymi undir föstu nefndunum tveimur, sem fjalla m.a. um umfang og kostnað þjónustunnar, mat á þörf fyrir öldrunarþjónustu (RAI), greiðslur aldraðra, fyrirkomulag og fjármögnun fasteigna, undirbúning lagabreytinga og samninga við sjálfstæða aðila. Gert er ráð fyrir að fjögur önnur sérfræðiteymi verði sett á laggirnar í byrjun árs 2013 með sama fyrirkomulagi, en það eru teymi sem koma til með að fjalla um heildstætt kostnaðarmat, gæði og eftirlit með öldrunarþjónustu, tekjutilfærslu og jöfnunaraðgerðir og starfsmannamál.

Viðræður hófust fyrri hluta árs um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði barnaverndarmála, gjaldtöku fyrir vistunarúrræði og samræmda gjaldskrá fyrir fósturúrræði, í samræmi við breytingar sem gerðar voru á barnaverndarlögum árið 2011. Fljótlega var ákveðið

*Hvergerðingar tóku í notkun loftborið íþróttahús á árinu 2012.*



að fara fram á að gildistöku fyrirhugaðra breytinga yrði frestað um eitt ár og var gerð lagabreyting þess efnis sl. haust. Í nefndarálitni velferðarnefndar Alþingis þar sem mælt er með samþykkt frumvarpsins koma fram ábendingar sem nefndin telur að taka þurfi tillit til við framkvæmd breytinganna. Nefndin telur nauðsynlegt að greina þörfina fyrir úrræði á grundvelli barnaverndarlaga á landsvísu svo ljóst verði hversu mikið fjármagn þarf til uppbyggingar. Nefndin telur einnig rétt að kanna hvort tilfærsla fjármuna frá sveitarfélögum til ríkisins vegna tilfærslu þjónustunnar geti orðið með öðrum hætti en með gjaldskrá auk þess sem nefndin leggur áherslu á að þjónusta við ákveðna hópa barna skerðist ekki vegna tilfærslunnar. Þessar ábendingar fela í sér viðtækari og tímafrekari verkefni en starfshópnum var ætlað með upphaflegu skipunarbréfi. Í ljósi þess verður verkefnið væntanlega endurskilgreint en áætlað er að vinnunni ljúki fyrir lok árs 2013.

Verkefni í tengslum við yfirlýsingu málefna fatlaðs fólks hafa verið ærin og mannaflafrek. Fulltrúar sambandsins hafa m.a. tekið þátt í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð, ráðgjafanefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nefnd um atvinnumál fatlaðs fólks, starfshópi um gerð framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks, nefnd um réttindagæslu fatlaðs fólks og nefnd um fyrirkomulag eftirlits og vöktunar með þjónustu við fatlað fólk. Flestar hafa þessar nefndir fundað oft á árinu 2012 og jafnvel vikulega. Til að stuðla að góðri yfirsýn um málaflokkinn hélt sambandið samráðsfund í nóvember með fulltrúum sambandsins í framangreindum nefndum og starfshópum.

Sambandið tók þátt í vinnu í samstarfi við velferðarráðuneytið um útgáfu leiðbeinandi reglna fyrir

sveitarfélög um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á grundvelli ákvæða í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Markmiðið með útgáfunni er að stuðla að samræmi í þjónustu milli þjónustuvæða og að sveitarfélög tileinki sér fyrirkomulag sem gefið hefur góða raun á öðrum stöðum. Leiðbeiningarnar taka til þjónustu stuðningsfjölskyldna, ferðaþjónustu og styrkja til náms og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks var afgreidd sem þingsályktun frá Alþingi í júní 2012. Í meðförum Alþingis tók áætlunin verulegum breytingum, m.a. á grundvelli ábendinga sambandsins um kostnaðaráhrif þeirra tillagna sem fram komu í upphaflegum tillögum velferðarráðuneytisins. Var því eindregið haldið á lofti af hálfu sambandsins að slíkar framkvæmdaáætlanir þurfa að vera raunhæfar, frekar en að endurspegla allar óskir stjórnvalda og hagsmunaaðila. Upplýst hefur verið af hálfu velferðarráðuneytisins að fjármagn vegna verkefnisins, sem snýr að verkþáttum á ábyrgð sveitarfélaga, hefur ekki verið tryggt. Vegna þess mun vinna við framkvæmd þeirra verkþátta vera í biðstöðu þar til fjármögnun hefur verið tryggð.

Mikil vinna hefur átt sér stað við þróun verkefnisins notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA), en búið er að gefa út handbók fyrir sveitarfélög og notendur. Jafnframt er búið að vinna í samvinnu við velferðarráðuneytið að gerð leiðbeinandi reglna fyrir sveitarfélög vegna innleiðingar NPA. Áætlað var að verkefnið færi af stað í byrjun árs 2012 en margir óvissuþættir, takmarkað fjármagn og ósamstaða innan nefndarinnar hafa gert það að verkum að ekki er gert ráð fyrir því að verkefnið fari af stað fyrr en í byrjun árs 2013. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu á árinu 2013 bæði í formi reglulegra funda og samráðs, sem og þátttöku í gerð úttekta á

*Fundur um málefni fatlaðs fólks.*



verkefninu. Haldin var ráðstefna í febrúar á vegum verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð sem var mjög vel sótt.

Á fundi samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga í nóvember 2012 var ákveðið að skipa starfshóp til að vinna að endurskoðun samkomulags um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk árið 2014. Er lögð á það áhersla að þeirri vinnu ljúki á árinu 2013 til að komast hjá óvissu um fjármögnun málaflokksins á árinu 2014. Unnin hefur verið verkáætlun vegna þessarar vinnu. Jafnframt hefur sambandið lagt áherslu á að ná samkomulagi við ríkið vegna greiðslu fyrir fyrsta mánuð ársins 2011 en það hefur ekki enn tekist.

Unnið var í samstarfi við velferðarráðuneytið og Hagstofu Íslands að gerð skráningarforms vegna málaflokks fatlaðs fólks. Mjög ítarleg og samræmd upplýsingaöflun mun fara fram árlega, þannig að hægt verður að fylgjast með þróun málaflokksins hjá sveitarfélögunum. Jafnframt er nú farin af stað vinna við gerð gæðastaðla sem verður undirstaðan að gæðaeftirliti með starfi sveitarfélaganna í málaflokknum.

Verkefnisstjórn um styrki vegna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD greiningu hefur nú lokið störfum eftir þriggja ára samstarf. Fulltrúi sambandsins í verkefnastjórninni tók þátt í starfi undirhóps um gerð námsefnis um ADHD fyrir kennara, sem kom út í byrjun árs 2013.

Fulltrúar sambandsins hafa tekið virkan þátt í starfi Velferðarvaktarinnar og m.a. haldið kynningar fyrir stýrihóp hennar og tekið þátt í starfi hinna ýmsu undirhópa.

Sambandið hefur átt fulltrúa í óformlegum starfshópi með hagsmunasamtökum og Mannréttindaskrifstofu Íslands um samspil framfærsluferfa gagnvart þeim sem flytjast milli landa. Einkum er verið að skoða biðtíma og hlutfallslega lækkun örorkulífeyrisgreiðslna eftir búsetutíma.

### SKÓLAMÁL

Skólamálanefnd sambandsins kom átta sinnum saman til fundar árið 2012 og þar af var einn heilsdagsfundur í upphafi árs með starfsmönnum kjarasviðs, hag- og upplýsingasviðs og lögfræði- og velferðarsviðs. Nefndin fjallaði m.a. um eflingu leikskólastigsins, tvöfalda leikskólaskráningu, innleiðingu aðalnámskráa, símenntun og starfsþróun kennara, stöðu samningaviðræðna við FG og vinnu við bókanir, samstarf við Skólastjórafélag Íslands og málefni tónlistarskóla svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess var lagður grunnur að samstarfi skólamálanefndar við ýmsa hagsmunaaðila, þ.m.t. ráðuneyti, kennarasamtök, Samtök sjálfstæðra skóla, Menntavísindasvið HÍ, Heimili og skóla o.fl.

Verkefni Námsgagnasjóðs færðust á forræði sveitarfélaga frá 1. janúar 2012 og umsýsla sjóðsins var flutt frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til sambandsins. Yfirfærsla verkefnisins gekk snurðulaust fyrir sig. Fjármununum sjóðsins, um 40 m.kr., var úthlutað til grunnskóla samkvæmt reglum sjóðsins í maí.

Fulltrúi sambandsins tók þátt í vinnu starfshóps um eflingu leikskólastigsins en skilaði séráliti, þar sem tekið er undir tillögur hópsins um að fjölga námsleiðum í leikskólakennaranámi en áfram eru gerðar alvarlegar athugasemdir af hálfu sambandsins við það að halda til

*Frá samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga sem fram fór í Þjóðmenningarhúsinu.*



streitu lögfestingu fimm ára leikskólakennaranáms, m.a. í ljósi þess að aðsókn að náminu hefur hrunið.

Fljótlega á skólaárinu 2012–2013 komu í ljós verulegir annmarkar á þeirri aðferðafræði sem byggt var á í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var í maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í desember 2011 hófust því viðræður um leiðir til að koma til móts við rekstrarerfiðleika þeirra tónlistarskóla sem veita nemendum mest kennslumagn. Varð niðurstaðan sú að ríkið ákvað að bæta 40 m.kr. á ári við umsamið framlag sitt, án þess þó að gerð væri breyting á samkomulaginu. Var jafnframt unnið að því á árinu að breyta reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tilgangi að dreifa fjármagni í samræmi við veitt kennslumagn, í stað þess að miða við fasta fjárhæð fyrir hvern nemanda.

Í júlí og ágúst vann hjá sambandinu MPA-nemi sem aðstoðaði sviðsstjóra við yfirferð á frumvarpi til laga um tónlistarskóla. Var fundað um frumvarpið með mennta- og menningarmálaráðuneytinu í ágúst og í lok árs lá fyrir frumvarp sem kynnt var helstu hagsmunaaðilum.

Tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum var samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnið var fjármagnað af ráðuneytinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Tilraunaverkefnið markaði ákveðin tímamót þar sem reynt var á, hvort samstarf tveggja stjórnsýslustiga, ríkis og sveitarfélaga, um ytra mat á grunnskólastarfi væri framkvæmanlegt. Þeir þrír þættir sem matið beindist fyrst og fremst að voru stjórnun, innra mat og kennsluhættir. Sex grunnskólar voru metnir á árinu og var leitast við að horfa til ólíkra skólagerða og stærðar við val á þeim. Verkefnisstjórn og stýrihópur

tilraunaverkefnisins voru sammála um að með því hafi bæði safnast saman mikilvægar upplýsingar um skólastarf og kjarnastarfsemi skólans og mikilvæg reynsla af verkefninu þó þátttökuskólar væru fáir. Þótti einsýnt að til að marktæk reynsla fengist væri nauðsynlegt að halda verkefninu áfram og fjölga þátttökuskólum. Haustið 2012 var því unnið að undirbúningi að þróunarverkefni 2013–2014 og jafnframt ráðinn sérfræðingur til að endurskoða þau viðmið sem lágu til grundvallar mati í tilraunaverkefninu. Markmiðið er að 8 grunnskólar verði metnir á árinu 2013 og allt að 10 skólar á árinu 2014.

Unnið var með markvissum hætti að því árið 2012 að efla enn frekar samstarf við Skólastjórafélag Íslands. Afrakstur þess var m.a. sameiginleg námsstefna með SÍ, sem haldin var á Akureyri í október, auk þess sem skipulögð hafa verið námskeið, í samstarfi við Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrir skólastjórnendur, fræðslustjóra og formenn skólanevnda. Fyrstu þrjú námskeiðin voru haldin í lok árs og þóttu takast með ágætum. Yfirskrift námskeiðsins er *Rétt málsmeðferð – öruggt skólastarf*.

Fyrri hluta árs var unnið að greiningu á starfsumhverfi grunnskólakennara, í samstarfi við Félag grunnskólakennara, í samræmi við bókun 2 með kjarasamningi. Niðurstöður þeirrar vinnu áttu síðan að nýtast sem grundvöllur fyrir viðræður um breytingar á vinnutímakafla kjarasamnings sambandsins við FG. Fóru þær viðræður fram á síðari hluta ársins en skiluðu ekki árangri.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir ráðstefnu í Hafnarfirði í lok ágúst um nýjar aðalnámskrár fyrir leik- og grunnskóla, í samvinnu við sambandið og fleiri aðila. Í tengslum við ráðstefnuna voru haldnar

*Fjármálaráðstefnan 2012 fór fram í Silfurbergi í Hörpu.*



málstofur víða um land. Fulltrúar ráðuneytisins áttu fund með skólamálanefnd sambandsins í nóvember til að ræða frekara samstarf um innleiðingu auk þess sem innleiðingin var rædd á námsstefnu sambandsins og Skólastjórafélags Íslands í október, haustfundi Grunns og á vettvangi samstarfsnefndar um málefni leik- og grunnskóla í desember. Í framhaldi af fundi með skólamálanefnd var stofnaður starfshópur ráðuneytisins og sambandsins um aðgerðaáætlun til innleiðingar námskránnar.

Fulltrúi sambandsins tók þátt í vinnu samstarfshóps um símenntun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sem skilaði lokaskýrslu í ágúst. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins hélt erindi á málþingi um símenntun sem haldið var í ágúst. Sambandið á fulltrúa í fagráði um símenntun kennara sem skipað var í desember.

Starfsmenn sambandsins tóku þátt í gerð reglugerðar um skólagöngu fósturbarna sem sett var í júní. Sambandið tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu með Barnaverndarstofu og fleiri aðilum um samvinnu skóla og barnaverndar sem haldin var í maí 2012. Fjallað var um stöðu þeirra barna sem fá þjónustu í barnaverndarkerfinu gagnvart skóla og menntun, ekki síst fósturbarna og barna á meðferðarheimilum, og mikilvægi samvinnu þessara kerfa. Unnið var í umræðuhópum á ráðstefnunni sem þótti takast vel. Til stendur að vinna frekar með niðurstöður hópanna og skilgreina m.a. viðmið um verklag vegna samstarfs barnaverndar og skóla.

Unnið var að endurskoðun viðmiðunarreglna sambandsins vegna leik- og grunnskólabarna utan lögheimilissveitarfélags og er henni lokið. Meginbreytingar eru þær að gjaldskrár þeirra hafa

verið færðar til raunkostnaðar og þar með hækkað umtalsvert, sérstaklega vegna minni skóla. Auk þess hefur gjaldflokkum verið fjölgað vegna grunnskólans og taka nú mið af stærð skóla en ekki einstakra árganga hans. Ákveðið var að draga bæði kostnað vegna sérfræðiþjónustu og húsnæðis frá gjaldskrá grunnskólans en eingöngu kostnað vegna sérfræðiþjónustu leikskólamegin. Að athuguðu máli var þó talið mikilvægara að hafa samræmi milli gjaldskránnar og mun breyting á gjaldskrá fyrir leikskólann taka gildi á næsta skólaári, samkvæmt ákvörðun stjórnar sambandsins.

Í desember 2011 undirrituðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólapúlsinn ehf. samstarfssamning um framkvæmd Skólavogar, en Skólapúlsinn hefur frá árinu 2008 boðið grunnskólum landsins rafræna viðhorfakönnun fyrir nemendur og bjóða nú einnig foreldrakönnun og starfsmannakönnun. Samkvæmt samningnum sér Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogarinnar. Þátttaka í Skólavog felur ekki í sér sjálfstæðar viðhorfakannanir þar sem niðurstöður úr Skólapúlsinum nýtast inn í Skólavogina. Skólavogin er verkfæri sveitarfélagsins og Skólapúlsinn er verkfæri skólans. Í samningnum er kveðið á um að sett skuli á fót verkefnisstjórn og var tilnefnt í hana í ársbyrjun 2012. Í henni sitja: Almar M. Halldórsson frá Skólapúlsinum ehf., Hildur Björk Svavarsdóttir deildarstjóri frá Reykjavíkurborg og Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi á Fljótshéraði. Valgerður Fr. Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsing sviði sambandsins, er starfsmaður verkefnisstjórnar.

Á árinu 2012 fundaði verkefnisstjórn Skólavogar alls 10 sinnum. Farið var yfir nemendakönnun Skólapúlsins og mótuð stefna um hvaða lykiltölur um skólahald ættu að vera í verkefninu. Mestu réði samanburðarhæfi,

*Það er ævinlega fjölmennt á fjármálaráðstefnum sambandsins.*



áreiðanleiki gagna og eins mikilvægi fyrir sveitarfélögin. Þá vann Skólapúlsinn að því að hanna vefkerfi fyrir Skólavogina. Verkefnið var kynnt á sameiginlegri námsstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands á Akureyri í október 2012.

Á árinu 2012 skráðu 19 sveitarfélög sig í verkefnið en þar búa 80% íbúa landsins og um 78% grunnskólanemenda.

Talsvert hefur verið unnið að málefnum grunnskólabarna sem þarfnast talþjálfunar á árinu 2012. Velferðarráðuneytið lagði fram tillögu að kostnaðar- og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna talþjálfunar grunnskólabarna sem sambandið brást við á fundi í desember en endanleg niðurstaða í málinu lá ekki fyrir í lok árs. Unnið er að faglegri endurskipulagningu á grundvelli skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra til menntamálanefndar um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun og tekur sambandið jafnframt þátt í því starfi á grundvelli þingsályktunartillögu um málið.

## UMHVERFIS-, SKIPULAGS- OG ÚRGANGSMÁL

Skipulagsmálanefnd sambandsins hélt fjóra fundi á árinu. Að auki tóku allir fulltrúar í nefndinni þátt í samráðsvettvangi um gerð landsskipulagsstefnu. Fulltrúar í nefndinni tóku, ásamt fulltrúum sambandsins í ráðgjafanefnd um landsskipulagsstefnu, þátt í fundum með Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti um frágang landsskipulagsstefnu og fundi þar sem rætt var við starfshóp um beitarálag og landnotkun.

Fulltrúar sambandsins áttu sæti í ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu og tóku jafnframt virkan þátt í samráðsvettvangi sem stofnaður var um verkefnið. Sambandið veitti umsagnir um lýsingu á verkefninu og um tillögu að landsskipulagsstefnu, auk þess að setja fram óformlegar ábendingar á ýmsum stigum málsins. Á meðal nýmæla í landsskipulagsstefnunni er umfjöllun um skipulag haf- og strandsvæða og hefur sambandið bæði átt þátt í mótun tillagna og veitt umsögn um þær, þar sem lögð er áhersla á hagsmuni sveitarfélaga á strandsvæðum.

Sambandið tók þátt í samráði um reglugerð um framkvæmdaleyfi sem gefin var út í júní og skipulagsreglugerð sem gefin var út í janúar 2013 og veitti umsagnir um báðar reglugerðir, bæði hvað varðar efni þeirra og um áætluð kostnaðaráhrif.

Drög að frumvarpi til nýrra náttúruverndarlaga voru kynnt í byrjun september og veitti sambandið ítarlega umsögn um þau drög. Í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi í nóvember var búið að bregðast við allmörgum ábendingum í umsögninni.

Lögfræðiálit sem unnið var að beiðni umhverfisráðherra um skaðabótareglur skipulagslaga lá fyrir í apríl en vinna við frekari útfærslu tillagna að lagabreytingum dróst þannig að ekki náðist að ljúka frumvarpsgerð fyrir en í febrúar 2013.

Fulltrúar sambandsins hafa fylgst með innleiðingu reglna um grunngerð landupplýsinga, með þátttöku á fundum starfshóps forstöðumanna opinberra stofnana.

Ný byggingarreglugerð tók gildi í febrúar en sambandið gagnrýndi mjög að ákvæði hennar hefðu ekki verið kostnaðarmetin. Brugðist var við því með skipan

*Þéttsetinn „bekkurinn“ við höfnina í Reykjavík. Harpa í baksýn.*



nefndar af hálfu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Jafnframt hafa drög að leiðbeiningarblöðum verið rýnd en Mannvirkjastofnun gefur blöðin út til þess að auðvelða innleiðingu reglugerðarinnar. Efnt var til samstarfsverkefnis á haustmánuðum að frumkvæði Samtaka iðnaðarins og Mannvirkjastofnunar, þar sem ráðstefnur voru haldnar í öllum landshlutum með umræðu um nýja byggingarreglugerð undir yfirskriftinni *Samstarf er lykill að árangri*. Sambandið tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnanna ásamt Félagi byggingarfulltrúa og var síðasta ráðstefnan, sú áttunda í röðinni, haldin í lok nóvember. Umræða á ráðstefnunum hefur skapað þrýsting á að lengri aðlögunartími verði gefinn að hertum kröfum í reglugerðinni, en sambandið hefur farið þess á leit við ráðherra að innleiðingarákvæði verði framlengd um eitt ár. Niðurstaða samráðs um málið er að gerðar verði ákveðnar breytingar á reglugerðinni til að draga úr áhrifum hennar á byggingarkostnað. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðlögunarfrestur verði til loka júní 2013.

Sambandið tilnefndi í ágúst tvo fulltrúa í starfshóp um endurskoðun vegalaga. Tafir hafa hins vegar orðið á því að starfshópurinn tæki til starfa.

Sambandið hefur átt fundi með innanríkisráðuneytinu, ásamt fulltrúum frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, um gerð frumvarps til laga um almenningssamgöngur. Tafir hafa orðið á því að leggja það frumvarp fram á Alþingi, vegna álitafna um afmörkun milli almenningssamgangna sveitarfélaga og þjónustu sem veitt er á samkeppnismarkaði. Einnig hafa lögfræðingar sambandsins veitt landshlutasamtökunum ráðgjöf vegna brota á einkarétti til aksturs á tilteknum svæðum og fleiri álitafnum sem upp hafa komið við framkvæmd samninga um skipulag og rekstur almenningssamgangna.

Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs voru kynnt í mars og veitti sambandið afar neikvæða umsögn um þau drög. Skipaður var starfshópur til að fjalla nánar um málið og í desember lágu fyrir tillögur að frumvarpi sem ekki felur í sér jafn róttækar breytingar á gildandi lögum.

Tillaga að landsáætlun um úrgang var kynnt í júní og veitti sambandið umsögn þar sem gerðar voru miklar athugasemdir við ákveðin atriði í tillögunni. Landsáætlun var enn í vinnslu í lok árs og voru drög að henni m.a. rædd á haustráðstefnu FENÚR í nóvember.

Sérfræðingar sambandsins unnu að hagsmunagæslu á sviði úrgangsmála og veittu þeir m.a. allmörgum sveitarfélögum ráðgjöf í tengslum við endurskoðun starfsleyfa og samskipti við Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið. Almennt er það mat sambandsins að fulltrúar ríkisins sýni ólíkum aðstæðum sveitarfélaga ekki nægan skilning og að í of mörgum tilvikum séu gerðar óraunhæfar kröfur til rekstraraðila förgunarstaða. Stundum hefur þó náðst ágætur árangur og gott samstarf um verkefni og má þar sérstaklega nefna útgáfu leiðbeininga um gassöfnun á urðunarstöðum sl. haust, sem eru afrakstur rannsóknarverkefnis sem sambandið átti frumkvæði að. Einnig náðist í apríl niðurstaða á árinu í ágreiningi um notkun moltu og kjötmjòls til áburðar, með útgáfu reglugerðar um það efni. Er það mat verkefnisstjórnar um úrgangsmál að sveitarfélögin eigi að geta unað þeirri niðurstöðu sem þar er fengin.

Fulltrúi sambandsins hefur tekið þátt á fundum staðardagskrárfulltrúa þar sem m.a. er rætt um framtíð staðardagskrár og verkefni sem heyra undir sjálfbæra þróun. Haldinn var einn vinnufundur þar sem farið var yfir stöðu sjálfbærni í áætlunum ríkisins og skipulagsvinnu.

*Ferðamenn fá leiðsögn um Reykjavík.*



Kynntar voru niðurstöður könnunar um staðardagskrá, sjálfbærni og eftirfylgni við Ólafsvíkuryfirlýsingu frá árinu 2000. Svo virðist að sveitarfélög stefni flest í þá átt að fella sjálfbærni í alla áætlana- og stefnuvinnu frekar en að hafa sérstaka stefnu eins og staðardagskrá. Þessi þróun gefur líklega tilefni til að leggja á næsta ári áherslu á tiltekin málefni sem innleiðingu sjálfbærni eins og t.d. græn/vistvæn innkaup og samdrátt í myndun úrgangs.

Verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun til að innleiða græna hagkerfið hefur forgangsraðað tölusetnum verkefnum í tillögu til þingsályktunar. Fulltrúar sambandsins hafa fundað með verkefnisstjórn og veitt umsögn um afstöðu sveitarfélaga til forgangsroðunarinnar og mögulegrar aðkomu sveitarfélaga að frekari vinnu. Unnið verður frekar að verkefninu á næstu árum, í tengslum við samstarfssamning sambandsins um umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem nú hefur verið framlengdur til ársloka 2014.

NordLead verkefninu, sem fjallar um aðgerðir sveitarfélaga til að mæta áhrifum loftslagsbreytinga, er lokið með birtingu skýrslu um stöðu aðgerða gegn áhrifum loftslagsbreytinga í sveitarfélögum þeirra landa sem tóku þátt í verkefninu, Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Íslands. Eftir er að þýða skýrsluna yfir á íslensku og birta hana.

Hrá drög að frumvarpi til laga um hitaveitur voru kynnt í apríl og kom sambandið á framfæri athugasemdum þar sem lagt var til að frekari vinna færi fram áður en frumvarp yrði lagt fram á Alþingi. Gagnrýni sambandsins beindist m.a. að því að í frumvarpsdrögum væru reglur raforkulaga í of miklu mæli heimfærðar upp á hitaveitur.

Sambandið og Samorka sendu í september sameiginlegt erindi til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar

sem óskað var eftir breytingum á gjaldtökuákvæðum í lögum um fráveitur og vatnsveitur, til að bregðast við nýlegum úrskurðum. Ekki hafa borist formleg viðbrögð við erindinu. Einnig sendu sambandið og Samorka erindi til atvinnuvegaráðuneytisins þar sem óskað var eftir breytingu á vatnalögum til að treysta rétt vatnsveitna sveitarfélaga til vatnstöku á landi í einkaeigu. Svar hefur ekki borist við því erindi.

Fulltrúi sambandsins í starfshópi um tjón af völdum náttúruhamfara var í nánu samráði við skrifstofu sambandsins um útfærslu tillagna en starfshópurinn skilaði endanlegum tillögum sínum í janúar 2013. Er þar lagt til að stofnaður verði Hamfarasjóður, sem er ætlað að bæta sveitarfélögum og einstaklingum tjón vegna náttúruhamfara.

## KJARAMÁL

Á árinu voru haldnir fjórir fundir í kjaramálanefnd sambandsins. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og kjarasvið sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningagerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í kjaramálanefnd sambandsins sitja 5 fulltrúar, þrjú sérfræðingar í kjara- og starfsmannamálum frá sveitarfélögum og tveir fulltrúar úr stjórn sambandsins. Sviðsstjóri kjarasviðs boðar fundi nefndarinnar eftir þörfum, stjórnar þeim og sér til þess að frá fundargerðum sé gengið í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir atvikum til staðfestingar en eru að öðru leyti ekki til opinberrar birtingar.

*Sunneva Kristín Guðjónsdóttir söng fyrir starfsfólkið á öskudaginn 2012 og fékk góðgæti að launum.*





Með kjarasamningum ársins 2011 fylgdi fjöldi bókana sem unnið var úr á árinu. Umfangsmesta verkefnið í þeim málaflokki var úrvinnsla bókunar 2 með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara (FG). Í bókuninni sammælast aðilar um að halda áfram vinnu á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar í skólamálu til ársins 2020, skv. sameiginlegum samningsmarkmiðum og markmiðum í kjarasamningi aðila frá 2008. Stefnt var að því að aðilar næðu samkomulagi um breytingar fyrir 31. desember 2011. Bera átti samkomulagið undir félagsmenn FG í almennri atkvæðagreiðslu fyrir 16. febrúar 2012. Fengjust breytingarnar samþykktar áttu þær að taka gildi frá upphafi skólaársins 2012-2013. Ef þær yrðu felldar eða ef ekki næðist samkomulag um breytingar á kjarasamningi, félli kjarasamningurinn úr gildi frá 29. febrúar 2012 án sérstakrar uppsagnar.

Það kom snemma í ljós að sá tími sem samningsaðilar ætluðu sér í verkið var of skammur til að ná settum markmiðum. Sammæltust samningsaðilar því um að halda viðræðum áfram og rýmka þann tímaramma sem verkefninu var ætlaður. Með samþykki stjórnar sambandsins stóð samninganefndin að gerð nýrrar viðræðuáætlunar og tímasettrar aðgerðaáætlunar um framgang viðræðna og þeirra verkefna sem fylgdu bókun 2. Stefnt var að því að ljúka viðræðum með undirskrift nýs kjarasamnings aðila eigi síðar en 1. desember 2012.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti jafnframt að sveitarfélögin myndu greiða félagsmönnum Félags grunnskólakennara kjarasamningsbundnar hækkanir ársins 2012, þrátt fyrir að fyrir lægi að kjarasamningur aðila frá því í maí 2011 rynni út þann 29. febrúar. Samþykktin var gerð í þeim tilgangi að skapa samninganefndum Sambands íslenskra sveitarfélaga

og Félags grunnskólakennara, svigrúm til að ljúka umsömdum verkefnum samkvæmt bókun 2 og tryggja þar með, eins og kostur er, að viðræðurnar færu fram undir friðarskyldu á árinu 2012. Félag grunnskólakennara lýsti því jafnframt yfir að á meðan viðræðuáætlun aðila væri í gangi myndi félagið virða að fullu friðarskyldu kjarasamninga.

Í kjölfarið héldu samningsaðilar vinnunni áfram fram á sumarið 2012. Sú vinna fólst að mestu í að leggja fyrir, vinna úr og ræða niðurstöður rafrænnar könnunar sem lögð var fyrir u.þ.b. 4.000 grunnskólakennara á tímabilinu 20. janúar til 6. febrúar 2012. Einnig var unnið úr upplýsingum sem aflað var frá Mentor og frá rýnihópum kennara.

Aðilar tóku aftur upp formlegar samningaviðræður í ágústmánuði og stóðu þær út nóvembermánuð án þess að aðilar næðu samkomulagi. Þann 3. desember 2012 vísuðu aðilar kjaradeilu sinni til sáttameðferðar ríkissáttasemjara. Fyrsti fundur undir stjórn ríkissáttasemjara var haldinn þann sama dag.

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) hefur í viðræðum við Félag grunnskólakennara unnið á grundvelli fullnaðarumboðs frá sveitarfélögum og samkvæmt samningsmarkmiðum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í markmiðum sambandsins er megináherslan lögð á að:

- færa vinnutímakafla kjarasamningsins nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði
- aðlaga vinnutímakaflann að breyttum grunnskólalögum, reglugerðum og nýrri aðalnámskrá

*Jónína Eggertsdóttir, sem starfaði hjá sambandinu í nærri 30 ár lét af störfum á árinu 2012. Hún er hér í forgrunni myndarinnar ásamt samstarfsfélögum.*



- draga úr því verkefnaálagi sem kennarar upplifa með markvissari stjórnun og forgangsröðun
- vinnutími kennara verði samfelldur og unnin á vinnustað undir yfirstjórn og í samvinnu við skólastjórnendur

SNS hefur í viðræðum við FG lagt fram tillögur að breyttum vinnutímakafla og einnig bent á ýmsar aðferðir og leiðir til að bæta vinnuumhverfi kennara og mæta auknu álagi í störfum þeirra. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum kennara og auka stjórnunarheimildir skólastjóra í kjarasamningi. SNS telur að það sé hvorki raunhæft né æskilegt að draga úr kennsluskyldu kennara. Þvert á móti verði að leggja áherslu á að kennslan er meginþátturinn í starfi hvers kennara og því rík ástæða til þess að greina þau verkefni sem best hafa við hefðbundin störf kennara á undanförunum árum, m.a. í kjölfar innleiðingar *Skóla án aðgreiningar*. Sú greining þarf að liggja fyrir sem grundvöllur að vinnu við nýjan vinnutímakafla kjarasamnings grunnskólakennara.

Í fylgiskjali 3 með kjarasamningi við Félag leikskólakennara voru sett markmið, áætlanir og aðgerðir til að jafna grunnlaun og starfskjör leikskólakennara við kjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna er sinna sambærilegum störfum.

Niðurstaða ábyrgðarnefndar, skv. fylgiskjali 3 með kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara, um framkvæmd launaleiðréttingar lá fyrir þann 23. ágúst 2012. Samkvæmt henni verður leiðréttingin framkvæmd í þremur skrefum, þ.e. þann 1. september 2012, 1. september 2013 og með niðurstöðu úr samanburði á

kjörum leikskólakennara og samanburðarhópa haustið 2014.

Í kjarasamningunum 2011 fjölgaði samstarfsaðilum um starfsmat um 6 talsins. Á árinu voru metin störf félagsmanna Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Vinnu við mati á störfum matreiðslumanna, iðnaðarmanna, vélstjóra og verkstjóra er hvergi nærri lokið.

Í ársbyrjun 2012 var sett á laggirnar svokölluð starfsmatsnefnd. Nefndin kemur í stað úrskurðarnefndar og er skipuð fulltrúum frá öllum þeim 17 stéttar- og verkalýðsfélögum, sem tekið hafa upp starfsmat hjá sveitarfélögunum. Starfsmatsnefndin hefur það hlutverk að móta stefnu SAMSTARFs, setja verklagsreglur og hafa eftirlit með að þeim sé fylgt. Einnig hefur nefndin farið sameiginlega yfir niðurstöður, tillögur og aðgerðaáætlun í skýrslu verkefnisstjórnar aðila um starfsmatskerfið SAMSTARF, Samstarf til framtíðar, og hafið vinnu við að koma þeim verkefnum sem enn eru óunnin í viðunandi farveg.

Starfsmatsnefnd hefur skipað fimm manna framkvæmdarnefnd. Í nefndinni sitja tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, tveir frá BSRB og einn fulltrúi frá ASÍ.

Á haustmánuðum voru haldnir þrjú sameiginlegir vinnufundir samstarfsaðila starfsmatsins. Á dagskrá fundanna hefur annars vegar verið fræðsla um starfsmat og mismunandi starfsmatskerfi, um sí- og endurmenntunartækifæri starfsmanna sveitarfélaga, mannauðsmál og hins vegar umræður um sameiginleg málefni samstarfsaðilanna. Fundirnir hafa verið vel sóttir og tekist með ágætum.

*Götumynd úr Kópavogi.*



Fulltrúar kjarasviðs sóttu tvo fundi með norrænum kollegum hjá systursamtökum sambandsins á árinu. Í febrúarmánuði var sviðsstjóri kjarasviðs gestgjafi á fundi norrænna sviðsstjóra kjarasviða í Reykjavík og í maí fundaði lögfræðingur kjarasviðs með samstarfsmönnum sínum í Stokkhólmi.

Í júnímánuði sóttu fjórir fulltrúar úr samninganefnd sveitarfélaga samnorræna vinnuveitendaráðstefnu í Danmörku. Fulltrúar Íslands tóku virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar, sem gaf þátttakendum mikilvægt yfirlit yfir stöðu og stefnu kjaramála annars staðar á Norðurlöndum.

Kjarasvið sambandsins hóf á árinu almennan undirbúning kjaraviðræðna ársins 2014. Þeirri vinnu verður haldið áfram á árinu 2013, m.a. með því að halda samráðsfundi víða um land með sveitarstjórnarmönnum og embættismönnum sveitarfélaga.

Sameiginlegur fundur aðila vinnumarkaðarins var haldinn í nóvember 2012. Tilgangurinn var að leita sameiginlegra leiða til að bæta undirbúning og vinnu við kjarasamningagerð almennt. Megináhersla er lögð á að greina sameiginlega þær forsendur sem kjarasamningar byggja á hverju sinni og hins vegar hvernig gera megí vinnu við samningagerð markvissari. Kjarasvið sambandsins tekur þátt í þessari vinnu.

### STARFSMANNAMÁL

Í febrúar var haldinn starfsdagur í Borgarnesi í samvinnu við starfsmannafélag sambandsins, þar sem farið var yfir starfsáætlun ársins og rædd ýmis kjaratengd atriði og starfsaðstæður á vinnustaðnum. Fundurinn var sameiginlegur með starfsmönnum Lánasjóðs

sveitarfélaga ofh. Örn Árnason leikari flutti erindi á fundinum um samskipti á vinnustað og hrós sem stjórnþæki. Gerður var góður rómur að erindi Arnar.

Þær breytingar urðu á starfsmannahaldi sambandsins á árinu 2012, að Björk Ólafsdóttir verkefnisstjóri tímabundins verkefnis um ytra mat grunnskóla lét af störfum um mitt ár. Björk hafði einnig sinnt ýmsum verkefnum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins. Guðfinna Harðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, tók við verkefnum Bjarkar á lögfræði- og velferðarsviði og færðist milli sviða. Jafnframt voru verkefni sem tengjast Námsleyfasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla flutt frá kjarasviði, en Guðfinna hafði sinnt þeim verkefnum þar. Guðfinna sagði starfi sínu lausu og hætti störfum hjá sambandinu á haustdögum. Í stað hennar var ráðin frá 1. nóvember Klara E. Finnbogadóttir kennari. Meginverkefni hennar verða að hafa umsjón með símenntun kennara og að sinna málefnum leikskólans. Með ráðningu hennar skapast tækifæri til að sinna skólamála sambandsins enn betur en áður.

Á miðju sumri þegar Guðfinna Harðardóttir fluttist milli sviða var Bjarni Ómar Haraldsson skólastjóri ráðinn á kjarasvið sambandsins með kjarasamning kennara sem sérsvið.

Þá lét Jónína Eggertsdóttir, bókari og launafulltrúi, af störfum í lok september eftir 30 ára starf hjá sambandinu og samstarfsstofunum þess. Í hennar stað var ráðin Þóra Helgadóttir, viðurkenndur bókari, og hóf hún störf í júní.

Í desember 2012 voru starfsmenn á skrifstofu sambandsins alls 24 og einn að auki á skrifstofu sambandsins í Brussel, samtals í 24,5 stöðugildum.

*Leikskólabörn á Leikskólanum Hofi stilla sér upp í tilefni af heimsókn formanns sambandsins á degi leikskólans 2012.*



Sundurgreining starfsmanna eftir störfum:

|                                  | Alls | Konur | Karlar |
|----------------------------------|------|-------|--------|
| Framkvæmdastjóri                 | 1    | 0     | 1      |
| Sviðsstjórar                     | 5    | 2     | 3      |
| Forstöðumaður Brussel-skrifstofu | 1    | 1     | 0      |
| Sérfræðingar                     | 14   | 7     | 6      |
| Almenn skrifstofustörf           | 5    | 5     | 0      |
| Samtals                          | 25   | 15    | 10     |

Skipting starfsmanna eftir sviðum:

|                            | Alls | Konur | Karlar |
|----------------------------|------|-------|--------|
| Yfirstjórn                 | 1    | 0     | 1      |
| Rekstrar- og útgáfusvið    | 6    | 5     | 1      |
| Hag- og upplýsingasvið     | 4    | 1     | 3      |
| Kjarasvið                  | 6    | 4     | 2      |
| Lögfræði- og velferðarsvið | 6    | 3     | 3      |
| Þróunar- og alþjóðasvið    | 2    | 2     | 0      |
| Samtals                    | 25   | 15    | 10     |

## STARFSMENN SAMBANDSINS Í DESEMBER 2012

### Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

### Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatssérfræðingur

Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur  
Guðrún A. Sigurðardóttir starfsmatssérfræðingur  
Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur

### Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi

Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur

Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

### Hag- og upplýsingasvið:

Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Valur Rafn Halldórsson sérfræðingur

### Rekstrar- og útgáfusvið:

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri

Bára M. Eiríksdóttir gjaldkeri

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi

Ragnheiður Snorradóttir ritari

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Þóra Helgadóttir, bókarari og launafulltrúi

### Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu

*Starfsmenn sambandsins á vinnufundi í Borgarnesi.*



## STJÓRN OG NEFNDIR Í DESEMBER 2012

### Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Norðvesturkjörsvæði  
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, Reykjavíkurborg  
Óttarr Ólafur Proppé, Reykjavíkurborg  
Guðríður Arnardóttir varaformaður, Suðvesturkjörsvæði  
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjörsvæði  
Elín R. Líndal, Norðvesturkjörsvæði  
Eiríkur Björn Björgvinsson, Norðausturkjörsvæði  
Gunnlaugur Stefánsson, Norðausturkjörsvæði  
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjörsvæði  
Jórunn Einarsdóttir, Suðurkjörsvæði

### Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ  
Guðríður Arnardóttir, Kópavogsbæ  
Gunnar Jónsson, Fjarðabyggð  
Halla Margrét Tryggvadóttir, Akureyrarkaupstað  
Atli Atlason, Reykjavíkurborg

### Félagsþjónustunefnd:

Aðalsteinn Sigfússon, Kópavogsbæ  
Guðrún Sigurðardóttir, Akureyrarkaupstað  
Hjalti Þór Vignisson, Sveitarfélaginu Hornafirði  
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, Sandgerðisbæ  
Stella K. Víðisdóttir, Reykjavíkurborg


### Skipulagsmálanefnd:

Drífa Kristjánsdóttir, Bláskógabyggð  
Elín R. Líndal, Húnaþingi vestra  
Páll Guðjónsson, SSH  
Páll Hjaltason, Reykjavíkurborg  
Pétur Bolli Jóhannesson, Akureyrarkaupstað

### Skólamálanefnd:

Gunnar Einarsson, Garðabæ  
Helga Guðmundsdóttir, Fljótisdalshéraði  
Karl Frímannsson, Akureyrarkaupstað  
Kristín Hreinsdóttir, SASS  
Ragnar Þorsteinsson, Reykjavíkurborg

Fólk á ferli í Reykjavík.



---

**Ársreikningur  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
2012**



## Skýrsla og áritun stjórnenda

---

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 394,4 m.kr. á árinu 2012 en rekstrargjöld 373,2 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 21,2 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 17,2 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 271,2 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 19,8 m.kr. Ársverk starfsmanna voru að meðaltali 24,9.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2012 nema 194,7 m.kr. en skuldir námu 17,8 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 176,9 m.kr. í árslok 2012.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2012 er gefinn út hinn 23. janúar 2013 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

*Reykjavík 18. febrúar 2013.*

Framkvæmdastjóri:  
*Karl Björnsson (m.e.h.)*

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:  
*Magnús Karel Hannesson (m.e.h.)*

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík 1. mars 2013

*Halldór Halldórsson (m.e.h.)*

|  |                                       |
|--|---------------------------------------|
| <i>Dagur B. Eggertsson (m.e.h.)</i>        | <i>Óttarr Ólafur Proppé (m.e.h.)</i>  |
